

DÆGURTÓNLIST

/Hvar er draumurinn?

Meðbyr

SÁLIN hans Jóns míns sendi frá sér sína fyrstu breiðskífu fyrir skemmstu. Platan ber heitið Hvar er draumurinn? og er ein af söluhæstu plötum á markaðnum sem stendur. Sveitin þekkir reyndar velgengni vel, því þau fjögur lög sem hún hefur sent frá sér síðastliðið ár hafa 311 orðið vel vinsæl. Það gerir það að verkum að flestir gera því skóna að Hvar er draumurinn? verði með söluhæstu plötum þetta árið.

Ég hitti þá Guðmund Jónsson gítarleikara og lagasmið og Stefán Hilmansson söngvara og texta höfund fyrir skemmstu og ræddi þá meðal annars væntingarnar sem þeir félagar sögðust ekki alveg sáttnir við.



elfir Jón Matthíasson

Guðmundur: „Mér finnst frekar leiðinlegt að heyra þetta viðhorf frá öllum. Það er allt í lagi að vera bjartsýnn, en menn mega ekki búast við

of miklu. Við vorum ekki að reyna að setja saman einhverja „hit“-plötu.“

Stefán: „Það er vitanlega gott að hafa meðbyr og kannski er eðlilegt að búast við einhverju stóru þegar fyrstu fjögur lög hljómsveitar verða vinsæl, en það eina sem við höfðum í huga við gerð Hvar er draumurinn? var að gera plötu sem við værum allir ánægðir með.“

Guðmundur: „Eina skipið sem ég hef reynt að setja saman lag sem yrði vinsælt var þegar ég samdi Þig, bara þig. Þá má segja að líf sveitarinnar hafi legið við, því það var að duga oð



Sálin hans Jóns míns Nóg í bili?

Ljósmynd/Björg Sveinsdóttir

drepast, okkur vantaði starfsgrundvöll. Það lag varð svo til þess að Steinar og Skífan fóru fram á það við okkur að gera samning og þá gátum við gert þá kröfu að fá ríflegan tíma til að vinna plötuna og frjálssar hendur til að gera plötu sem okkur þætti góð, án tillits til sölu.

Það er alltaf að koma að máli við mig fólk sem vill að ég semji fyrir það lög, en ég er búinn að senda frá mér 311 lög sem ég átti og

get ekki samið fleiri í bili. Ég er ekki mjög afkastamikill og í ofanálag er segulbandið mitt bílað svo þær hugmyndir sem ég fæ þessa dagana fara allar í vaskinn.“

Sálin hans Jóns míns hefur verið afar íðin við að spila á sveitaböllum og skemmtunum, en gert minna af því að troða upp á tónleikum með frumsamíð efni.

Stefán: „Það eru viðbrigði fyrir okkur að vera að spila á tónleikum, þó við

séum alvanir ballaspíla-mennsku, en það er að koma. Fyrir fyrstu tónleikana 23. nóvember var mikill sviðsskrekkur.“

Hvað er svo framundan?

Stefán: „Framundan er langt frí. Við eigum það inni því við höfum unnið láttlaust við hljómsveitina í tvö ár.“

Guðmundur: „Það er einnig kominn tími til að hvíla áheyrendur; sumum finnst örugglega komið nóg í bili.“